

Vigdísarholt ehf.
Ársreikningur 2020

Vigdísarholt ehf.
Kópavogsbraut 1c
200 Kópavogur

Kt. 580214-1180

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Vigdísarholt ehf. var stofnað á árinu 2014 og er tilgangur félagsins að annast rekstur hjúkrunarheimila. Félagið yfirtók rekstur Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar frá og með ársbyrjun 2014 og í mars 2019 hófst rekstur félagsins á Seltjörn, 40 manna hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi.

Félagið er rekið með daggjöldum og öðrum framlögum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Á árinu 2020 var tap af rekstri félagsins að fjárhæð 6,2 millj. kr. og er því jafnað á móti óráðstöfuðu eigin fé félagsins. Eigið fé í árslok nam 279,7 millj. kr.

Í mars 2021 tók félagið við rekstri hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Heildarlaunakostnaður framkvæmdastjóra og stjórnarmanna nam samtals 23,9 millj. kr. á árinu (2019: 15,8 millj. kr.) Skýringin er einkum sú að áður en Seltjörn tók til starfa undir stjórn Vigdísarholts ehf. var framkvæmdastjóri félagsins í 56% starfshlutfalli en hækkaði í 100% með tilkomu Seltjarnar. Að öðru leyti er vísað til skýringa 11 og 12 varðandi launakostnað félagsins og starfsmannafjölda. Um 86% af starfsmönnum félagsins eru konur og 14% karlar.

Hlutfé félagsins var allt í eigu ríkissjóðs í árslok 2020 eins og í ársbyrjun.

Stjórn Vigdísarholts ehf. er skipuð tveimur körlum og einni konu. Stjórnin hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogi, 13. apríl 2021.

Í stjórn:

Steingrímur Ari Arason
Kristinn Hjörtur Jónasson
Þórhildur Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Kristján Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vigdísarholts ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vigdísarholts ehf. („stofnunin“) fyrir árið 2020 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2020 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi, 13. apríl 2021.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir
Hólmsteinn Ingi Halldórsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Daggjöld og önnur framlög Sjúkratrygginga Íslands		1.602.284.810	1.413.055.597
Sértekjur	10	21.490.852	22.269.643
Selt fæði		5.650.627	7.262.846
		1.629.426.289	1.442.588.086
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11,12	1.288.542.580	995.666.377
Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður	13	89.150.996	78.082.516
Stoðsvið	14	165.897.505	129.200.651
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður	15	76.276.951	87.309.533
Annar kostnaður	16	19.601.087	21.980.031
		1.639.469.119	1.312.239.108
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir hreinar fjármunatekjur	(10.042.830)	130.348.978
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		4.738.977	8.639.485
Vaxtagjöld	(853.323)	(524.856)
		3.885.654	8.114.629
(Rekstrartap) -hagnaður ársins	17	(6.157.176)	138.463.607

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	4,9	3.852.001	3.162.607
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5	15.088.695	13.586.065
Handbært fé	6	495.139.657	481.114.589
Veltufjármunir samtals		<u>514.080.353</u>	<u>497.863.261</u>
Eignir samtals		<u>514.080.353</u>	<u>497.863.261</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		279.122.248	285.279.424
Eigið fé samtals	17	<u>279.747.248</u>	<u>285.904.424</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		23.419.913	20.747.874
Sjúkratryggingar Íslands		73.421.550	90.716.138
Áunnið orlof		80.283.411	60.778.572
Aðrar skammtímaskuldir		57.208.231	39.716.253
Skammtímaskuldir samtals		<u>234.333.105</u>	<u>211.958.837</u>
Skuldir samtals		<u>234.333.105</u>	<u>211.958.837</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>514.080.353</u>	<u>497.863.261</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap) -hagnaður ársins	17	(6.157.176)	138.463.607
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		(6.157.176)	138.463.607
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir		(689.394)	(1.280.723)
Skammtímakröfur		(1.502.630)	(4.349.637)
Skammtímaskuldir		22.374.268	56.465.536
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		20.182.244	50.835.176
Handbært fé frá rekstri		14.025.068	189.298.783
Breyting á handbæru fé.....		14.025.068	189.298.783
Handbært fé í ársbyrjun.....		481.114.589	291.815.806
Handbært fé í árslok.....		495.139.657	481.114.589

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur félagsins eru færðar í þeim mánuði sem þjónustan er afhent eða fjárheimildir veittar.

3. Skráning gjalda

Gjöld eru færð þegar þau falla til. Í árslok eru áfallin gjöld sem tilheyra viðkomandi rekstrarári færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

4. Birgðir

Vörubirgðir samanstanda af matvælum og rekstrarvörum sem metnar eru á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði í efnahagsreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu.

6. Handbært fé

Bankainnstæður félagsins eru óbundnar og teljast til handbærs fjár.

7. Skattar

Félagið greiðir ekki tekjuskatt þar sem það er undanþegið tekjuskatti í samræmi við 4. gr. laga um tekjuskatt.

8. Umfang starfseminnar

	2020	2019
Fjöldi rúma og legudaga greinist þannig:		
Fjöldi rúma	110	110
Fjöldi legudaga	39.815	34.577
Dagdvöl, rými í árslok	54	39

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

Matvæli	1.986.297	1.823.261
Rekstrarvörur	1.865.704	1.339.346
	<u>3.852.001</u>	<u>3.162.607</u>

10. Sértekjur

Sértekjur greinast þannig:

Dagdvöl	12.447.552	9.794.416
Sjúkrþjálfun	3.089.499	6.388.753
Hárgreiðsla	5.198.743	5.199.669
Aðrar tekjur	755.058	886.805
	<u>21.490.852</u>	<u>22.269.643</u>

Skýringar, frh.:

11. Laun og launatengd gjöld	2020	2019
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Dagvinna	769.385.765	594.692.592
Yfirvinna	139.895.570	111.006.941
Vaktaálag	129.801.245	93.113.914
Breyting áunnis orlofs	19.504.839	15.249.145
Lífeyrissjóðsframlag	137.670.024	106.003.667
Tryggingagjald	74.692.646	59.885.797
Önnur launatengd gjöld	17.592.491	15.714.321
	<u>1.288.542.580</u>	<u>995.666.377</u>

Á árinu 2020 var gengið frá kjarasamningum milli Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og nokkurra stéttarféлага og náði gildistími samninganna aftur til 1. apríl 2019. Launakostnaður félagsins vegna tímabilsins apríl til desember 2019, sem gjaldfærður er 2020, nam um 29 millj. kr. og eru þar meðtalin áhrif á orlofsskuldbindingu.

12. Starfsmannafjöldi og stöðugildi greinast þannig:		
Fjöldi starfsmanna í árslok	215	203
Unnin stöðugildi á árinu	127	109

13. Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður		
Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður greinist þannig:		
Læknaþjónusta	34.072.264	30.559.594
Lyf og tengd efni	30.870.591	28.133.237
Lækninga- og hjúkrunarvörur	11.017.905	9.663.247
Annar kostnaður vegna hjúkrunar	10.274.500	7.604.542
Rannsóknarstofur	2.915.736	2.121.896
	<u>89.150.996</u>	<u>78.082.516</u>

14. Stoðsvið		
Stoðsvið greinast þannig:		
Matvæli	70.563.199	56.002.205
Annar kostnaður vegna mötuneytis	5.785.258	5.229.072
Þvottur	21.280.882	18.196.060
Akstur og bifreiðastyrkur	32.848.000	23.651.471
Sjúkraflutningar	1.104.816	1.101.869
Rekstur tölvukerfis	15.788.606	15.433.196
Þóknun til endurskoðenda	1.717.788	1.793.575
Önnur aðkeypt þjónusta sérfræðinga	8.748.071	3.801.651
Skrifstofuvörur	8.060.885	3.991.552
	<u>165.897.505</u>	<u>129.200.651</u>

15. Viðhalds- og húsnæðiskostnaður		
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður greinist þannig:		
Viðhaldsvörur og aðkeypt vinna	12.626.390	26.330.787
Ræsting og þrif	33.147.220	29.582.010
Önnur aðkeypt þjónusta	2.470.508	5.475.469
Fasteignagjöld	14.510.315	13.827.202
Rafmagn og hiti	11.233.006	9.439.014
Tryggingar	2.289.512	2.655.051
	<u>76.276.951</u>	<u>87.309.533</u>

Skýringar, frh.:

16. Annar kostnaður

	2020	2019
Annar kostnaður greinist þannig:		
Ýmis starfsmannakostnaður	17.388.919	18.836.131
Ferðir, fundir og ráðstefnur	9.517	690.475
Annar rekstrarkostnaður	2.202.651	2.453.425
	<u>19.601.087</u>	<u>21.980.031</u>

17. Eigið fé

Hlutfé félagsins nemur 500 þús. kr. samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020.....	500.000	125.000	285.279.424	285.904.424
Rekstrartap ársins.....			(6.157.176)	(6.157.176)
Eigið fé 31.12.2020.....	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>279.122.248</u>	<u>279.747.248</u>

18. Önnur mál

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er rekið í húsnæði í eigu ríkissjóðs og ekki er greidd húsaleiga en félagið ber hins vegar allan kostnað af húsnæðinu svo sem fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Á móti kemur sérstakt húsnæðisgjald frá Sjúkratryggingum sem fært er meðal tekna.

Hjúkrunarheimilið Seltjörn er rekið í húsnæði í eigu Seltjarnarnesbæjar sem ber allan kostnað af því.

Undirritunarsíða

Steingrímur Ari Arason

Kristinn Hjörtur Jónasson

Þórhildur Kristinsdóttir

Guðmundur Kristján Sigurðsson

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Hólmsteinn Ingi Halldórsson